

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2213  
komudagur 30.5.2002



TRYGGINGASTOFNUN  
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2002

ÁPS/KSG/044/02

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, 247. mál

Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að komið sé á vinnuhópi sérfræðinga sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið.

Tryggingastofnunin getur tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í tillögunni. Útgjöld til lífeyris- og sjúkratrygginga fara vaxandi með ári hverju, þrátt fyrir aukin réttindi fólks til greiðslna úr lífeyrissjóðum og fyrirsjáanlegt er að útgjöldin haldi áfram að aukast, a.m.k. enn um sinn.

Stigin hafa verið mikilvæg skref að undanförmu til að draga úr framtíðarkostnaði lífeyriskerfisins, s.s. með frestun skattlagningar fjáls lífeyrissparnaðar, en ljóst er að leita þarf frekari úrræða til að mæta þeim vanda sem fylgir breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason  
forstjóri